

AUGLÝSING

um deiliskipulag í Seyðisfjarðarkaupstað.

Í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010 hefur bæjarstjórn Seyðisfjarðarkaupstaðar samþykkt eftirfarandi deiliskipulagsáætlun:

Deiliskipulag fyrir hafnarsvæðið suðvestan Lónsleiru, Seyðisfirði.

Í deiliskipulaginu er gert ráð fyrir 17 lóðum fyrir verslun, þjónustu og íbúðir, sérstaklega tengd ferðamennsku. Nýtingarhlutfall er á bilinu 0,20 - 0,30. Gert er ráð fyrir einnar hæðar byggingum með nýtanlegu risi og tveggja hæða byggingum. Mesta hæð útveggja er 4,0 m á einnar hæðar húsum en 8,0 m á tveggja hæða húsunum. Markmið áætlunarinnar er að skapa nýja byggð í anda liðins tíma með yfirbragði þeirra húsa sem fyrir eru á staðnum. Samþykkt í bæjarstjórn 13. febrúar 2013.

Ofangreind deiliskipulagsáætlun hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög mæla fyrir um og öðlast þegar gildi.

Seyðisfirði, 4. júní 2013.

Sigurður Jónsson byggingarfulltrúi.

B-deild – Útgáfud.: 19. júní 2013